

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands, 5. október, 2022

Fyrirlesari: Pétur Guðmann Guðmannsson, réttarlæknir.

Efni: "Allt eins og blómstrið eina – nálækningar á líðandi stund"

Mættir: 47, félagsmenn og nokkrir makar.

Formaður setti fund og greindi svo frá vetrarstarfinu framundan. Félagsfundir verða venju samkvæmt fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. ÖLÍ stendur fyrir tveimur málþingum á Læknadögum í janúar. Daginn eftir þennan fræðslufund lögðu svo 18 félagar ásamt mökum og gestum, samtals 36 manns, í haustferð félagsins á slóðir Freuds og Semmelweiss í Budapest og Vínarborg. Meðan formaður talaði var beðið eftir tæknilegri aðstoð sem barst ekki. Fyrirlesari féllst á að hefja mál sitt án þess að geta sýnt myndefni og þá kynnti formaður hann og gaf honum orðið.

Pétur fæst við sjaldgæfa og óvenjulega sérgrein og því fór vel á því að hann byrjaði á að segja okkur frá hvernig það atvikaðist að hann valdi sér þessa óvinsælu grein og fórnaði læknisstarfinu. Eftir að hafa lært á píanó, unnið í kjötbörð og þælt í Freud, fór hann í læknisfræði þótt hann óttaðist að þurfa að fást við lík. Um tíma heilluðu geðlækningar og þá helst sálgreiningar, en anatómían var líka spennandi. Á þessum tíma var Þóra Steffensen eini íslenski réttarlæknirinn, en hún flutti svo til Bandaríkjanna árið 2007. Pétur þótti starf hennar áhugavert og úr varð að hann sendi allnokkur "meil" til Svíþjóðar og var boðin staða. Í Svíþjóð nálgast menn þessa sérgrein öðruvísi en í Bandaríkjunum, eru réttarlæknar en ekki réttarmeinafræðingar. Undirrituð var örugglega ekki sú eina sem hafði ekki gert sér grein fyrir þessu og kynnt fyrirlesara í auglýsingu sem réttarmeinafræðing. Í Svíþjóð heyrir þetta undir Retsmedicinska værket. Starf réttarlæknisins snýr að lifendum og dauðum, hann metur áverka og dauðsföll. Vinnan er þægileg - ekkert akút, og ólíkt öðrum læknum, þarf réttarlæknirinn að vera alveg kaldur gagnvart viðfangsefninu. Og, öfugt við aðra lækna, aðstoðar réttarlæknirinn yfirvöld í málefnum einstaklinga. Þegar Pétur kom til starfa hér heima hafði réttarlæknisfræðinni verið sinnt af 12 erlendum læknum. Hér þurfti því að byggja upp frá grunni og er það auðvitað krefjandi verkefni. Krufningar á ári eru um 250 réttarkrufningar og 50 sjúkrahúskrufningar að auki. Réttarlæknirinn framkvæmir áverkamat í u.þ.b. 50 tilvikum árlega og leiðbeinir læknum um skrásetningu áverka. Réttarlæknir starfar með Kennslanefnd og hann þarf að sjálfsögðu oft að mæta fyrir rétti. Pétur var því feginn að aldursmat hælisleitenda var flutt til Svíþjóðar. Það segir sig sjálfst að eini sérfræðingurinn í faginu á landinu er einangraður, en Sólveig Níelsdóttir kemur til landsins starfar með Pétri nokkra mánuði á ári.

Allan þennan tíma talaði Pétur án þessa að hafa myndefni til að styðja mál sitt, en nú var kominn tími fyrir spurningar. Til máls tóku 12 fundarmenn og var m.a. spjallað um skráða dánarorsök Elísabetar Englandsdrottningar, samráð við aðrar sérgreinar, höfunda glæpasagna, tækjakost og aðbúnað (óbreyttur um áratugi!). En Pétur bar tæknideild lögreglunnar vel söguna.

Fundarmenn þökkðu Pétri mjög fróðlegt erindi og höfðu sumir á orði að líklega væri bara best að sleppa myndefni. Formaður afhenti Pétri bókagjöf og sleit fundi.

Helga M. Ögmundsdóttir

